

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnlustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	2.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Vinnlustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Eitt frávik (varðandi mælingar á ryki frá olíubrennara við ketil nr. 1) var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Vinnlustöðinni hf. í Vestmannaeyjum. Unnar Hólm Ólafsson og Kristján Ingi Sigurðsson voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson og Gottskálf Friðgeirsson eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar.

Vinnlustöðin hf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 17.9.2014, breytt 12.9.2019 og gildir það til 17.9.2030.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil fiskflokkun og hrognataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Eitt frávik er opið, frá 2017 og snýr það að notkun olíubrennara við ketil nr. 1.

Mælingar á ryki frá olíubrennara við ketil nr. 1 sýna að magn ryks er innan þeirra marka sem tiltekin eru í starfsleyfi. **Frávikinu telst því lokið.**

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

- Önnur mál

Öllum gögnum sem Vinnlustöðinni ber að skila skv. starfsleyfi, var skilað á réttum tíma.

Allar mælingar voru innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

- Skoðunarferð

Farin var skoðunarferð um húsnæði og lóð Vinnlustöðvarinnar. Ekkert athugavert sást í skoðunarferðinni.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.07.2022



Freyr Evarsson

